

Heiðurslaun listamanna 2004

Atli Heimir Sveinsson
 Árni Kristjánsson
 Ásgerður Búadóttir
 Erró
 Friðla Á. Sigurðardóttir
 Guðbergur Bergsson
 Gunnar Eyjólfsson
 Hannes Pétursson
 Herdís Þorvaldsdóttir
 Jóhann Hjálmarsson
 Jón Nordal
 Jórunn Viðar
 Kristinn Hallsson
 Kristján Davíðsson
 Matthías Johannessen
 Megas
 Róbert Arnfinnsson
 Rögnvaldur Sigurjónsson
 Svava Jakobsdóttir
 Thor Vilhjálmsson
 Vigdís Grímsdóttir
 Vilborg Dagbjartsdóttir
 Þorsteinn frá Hamri
 Þráinn Bertelsson
 Þuríður Pálsdóttir



Vara konur við að skokka einar

Lögreglan í London varar konur við að skokka í Clissold almenningssgarðinum. Tæplega fertug kona varð fyrir líkamsárás í garðinum á föstudag og var stungin nokkrum sinnum með hnífi. Líðan hennar er eftir atvikum. Grunur leikur á árárarmaðurinn hafi verið sá sami og myrti bandaríska konu í garðinum í fyrravetur. Lögreglan hefur beðið almenning að veita sér aðstoð við að hafa upp á árárarmanninum.

Árásinni á föstudag svipar mjög til atviksins í fyrravetur. Í hvorugu tilviki gerði árárarmaðurinn tilraun til að nauðga konunum og hann lét vera að ræna verðmætum af þeim. Talið er maðurinn sé um tvítugt eða yngri.



Við hvað ertu hrædd?

„Ég verð oft hrædd þegar ég heyri sírenuvæl,“ segir Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir þingmaður. „Sírenur láta illa í eyrum og þegar ég heyri í þeim veit ég að eitthvað hefur komið fyrir. Það góða við sírenurnar er að þær fullvissa mann um að sjúkralið sé á leiðinni á vettvang. Annars hræðist ég ekki margt nema ef vera skyldi hræðslan við að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar sitji of lengi á valdastóli.“

Kolbrún Halldórsdóttir sakar formann menntamálanefndar, Gunnar I. Birgisson, um ólýðræðisleg vinnubrögð við úthlutun heiðurslauna. Gunnar segir Kolbrúnu varla hafa þroska til að sitja á Alþingi.

Einar Bragi felldur af heiðurslaunalista

„Þetta er mjög óviðeigandi hjá Kolbrúnu og sýnir að hún hefur varla þroska til að sitja á Alþingi Íslendinga,“ segir Gunnar I. Birgisson, þingmaður og formaður menntamálanefndar, um harða gagnrýni Kolbrúna Halldórsdóttur, þingmanns VG, á vinnubrögð menntamálanefndarinnar við úthlutun heiðurslauna listamanna.

Kolbrún skrifar pistil um málið á heimasíðu sína þar sem hún sakar formann menntamálanefndar um ólýðræðisleg vinnubrögð og misbeitingu valds. Málið virðist snúast um tvo fundi menntamálanefndar þar sem ákvörðun var tekin um hvaða listamenn fengju heiðurslaun að þessu sinni. Fyrri fundurinn var haldinn að morgni miðvikudags í liðinni viku. Þá var lögð fram



Einar Bragi
 Datt á elleftu stundu út af listanum.

Það virðist vera að sá sem hefur vald til að hækka fjárlagaliðinn hafi á sama tíma vald til að tilnefna fólk inn listan

tillaga formanns um þrjá listamenn sem samkvæmt heimildum DV voru Kristinn Hallsson, Megas og Einar Bragi. Að kvöldi miðvikudags var svo haldinn síðari fundur nefndarinnar og þá lagði formaðurinn, Gunnar I. Birgisson, fram tillögu um sex listamenn; Megas, Jóhann Hjálmarsson skáld, Kristín Hallsson söngvari, Vigdís Grímsdóttur skáld, Vilborgu Dagbjartsdóttur skáld og Rögnvald Sigurjónsson píanóleikara. Þessi listi var samþykktur með öllum atkvæðum utan Kolbrúna. Einar Bragi var hins vegar fallinn af listanum.

Engin umræða

„Við óskuðum eftir því við formanninn á fyrri fundinum að hann reyndi að fá fjárlagaliðinn hækkaðan þannig að við gætum fjölgað um eitt sæti. Hann kom til baka með þrjú ný sæti og lista yfir sex listamenn. Eitt nafn hafði dottið út af listanum frá því um morguninn án þess að skýring væri gefin á því. Það virðist vera að sá sem hefur vald til að hækka fjárlagaliðinn hafi á sama tíma vald til að tilnefna fólk



Gunnar I. Birgisson
 Vísar á sökunum á bug.



Kolbrún Halldórsdóttir
 Ólýðræðisleg vinnubrögð.

inn á listann,“ segir Kolbrún. Hún segir engar málefnalegar umræður hafa átt sér stað um nafnalistann. Sjálf hafi hún gagnrýnt að leiklistinni sé ekki gert nógu hátt undir höfði. „Leiklistin var með fimm sæti en nú eru tveir leikarar fallnir frá. Ég lýsti því sjónarmiði mínu að ég teldi sanngjarnt að einhver hinna nýju kæmi úr leikhúsinu. Mér var frjálst að segja mína skoðun á fundinum en mín skoðun skipti engu máli þegar upp var staðið. Það var búið að ákveða þetta,“ segir Kolbrún.

„Ég stóð mig vel“

Gunnar hafnar málfutningi Kolbrúna og segir málin hafa verið reifuð fram og aftur á morgunfundinum. Það sé hins vegar trúnaðarmál hvað fer fram á slíkum fundi. Hann segist hafa verið beðinn að sækja fjárveitingu fyrir einu nýju sæti en komið til baka með þrjú. „Ég stóð mig vel. Það er ánægjulegt að hafa bætt þremur nýjum sætum á listann,“ segir Gunnar.

Hann hafnar því jafnframt að um ólýðræðisleg vinnubrögð hafi verið að ræða. Hann hafi lagt fram tillögu og hún verið samþykkt. „Við höfðum lítinn tíma og það eina sem vakti fyrir mér var að bera fram tillögu sem hægt væri að ná sátt um. Það er alltaf erfitt að ræða um hver sé betri listamaður en annar. Heiðurslaunin eru hugsuð fyrir fólk sem komið á seinni hluta ferilsins og hefur skarað fram úr í sinni grein,“ segir Gunnar I. Birgisson.

Tuttugu og fimm listamenn eru á heiðurslaunum í ár; hver fær 1,6 milljón króna í sinn vasa eða rétt rúmar 83 þúsund krónur á mánuði. Að sögn Gunnars verður það næsta verkefni nefndarinnar að fá heiðurslaunin hækkuð.

arndis@dv.is

Leitin að látúnsbarkanum

Svarthöfði horfði spenntur á Idol-keppnina í gamla svarthvíta sjónvarpinu sínu á föstudagskvöldið var. Í rauninni var Svarthöfði heldur andvígur þessari keppni fyrirfram og þótti heldur lágrúleg hugmynd að horfa á misjafnlega lagvisst ungt fólk þenja sig í söng, sér í lagi vegna þess að þótt enginn hafi orð á því, þá fer ekki milli mála að allir eru sifelt að bíða eftir því að einhverjum mistakist herfilega, syngi illa, fari út af laginu, bresti í grát eða eitthvað þess háttar. Það er alveg sama hvað kynarnir tveir reyna að vera jákvæðir, það vita allir samt að vonin um þetta er einmitt það sem færir keppninni það fjör sem hún hefur. Það yrði ekkert gaman ef allir væru alltaf frábærir og dómarnir jákvæðir og svo framvegis.



Svarthöfði

Þá þótti Svarthöfði líka lágrúlegt að Stöð 2 skyldi telja sig þurfa að nota útlenskt heiti á þessa keppni. Að vísu er form hennar keypt í heilu lagi utanlands frá og þar með líklega vörumerki „Idol“ en það er samt dálítið hallærislegt að heyra fólk í þáttunum sifelt tönnlast á einhverju „ædol“ þetta og „ædol“ hitt. Svarthöfði er svo þjóðlegur að hann hefur alltaf talið til eftirbreytni þegar hin rammíslenska hljómsveit Stuðmenn hélt svipaða keppni fyrir löngu og kallaði „Leitina að látúnsbarkanum“. Eins og allir vita var það Bjarni Arason sem vann þá keppni og hefur síðan verið í hópi kunnari söngvara landsins. Í huga Svarthöfða er hann



þó aldrei neitt „ædol“, heldur einfaldlega „látúnsbarkinn“.

En hvað sem aðfinnslum liður hefur Svarthöfði tekið keppnina í sátt. Og horfir á jafn spenntur og aðrir. Nema hvað að á föstudagskvöld blöskraði honum íslenska þjóðin. Mikið lagðist hún lágt! Að

ráðast tugþúsundum saman að ófrískri barnshafandi konu! Og senda hana heim þegar völ var á slatta af konum einsömlum og fullfrískum karlmönnum!

Og hún Sessý sem þar að auki söng svo vel!

Svarthöfði